

Fundargerð 421

Föstudaginn 17. október 2014 kl. 8:20 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Langanesvegi 1 á Þórshöfn. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Einar E. Einarsson, Guðmundur R. Gíslason (varamaður), Karl Björnsson, Páll Baldursson (varamaður), Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásthildur Sturludóttir og Oddný María Gunnarsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 8:20. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum;

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2014
3. Húsnæði Byggðastofnunar
4. Fundargerðir lánanefndar
5. Staða lánasafnsins 30.09.2014
6. Yfirlit um gjaldeyrisjöfnuð
7. Starfs- og rekstraráætlun 2015
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerðir funda nr. 419 og 420. Fundargerðirnar samþykktar og dreift til undirritunar. HÁ upplýsti um sölu aflamarks sem samþykkt var á síðasta fundi.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2014

SBS og EGK fóru yfir stöðu verkefna á starfsáætlun. AÐ sagði frá vinnu við aflamark sem Byggðastofnun hefur til úthlutunar.

Búið er að tilnefna Rögnvald Ólafsson og Albertínu Elíasdóttur í stjórn Byggðarannsóknarsjóðs.

AÐ fór yfir rekstur fyrstu 9 mánaða ársins og HÁ fór yfir rekstur fullnustueigna.

Óskað var eftir yfirliti fyrir næsta fund hvað vaxtabreyting myndi þýða fyrir stofnunina.

3. Húsnæði Byggðastofnunar

AÐ fór yfir minnisblað um húsnæðismál stofnunarinnar. Fór hann yfir feril málsins og vinnu sem unnin hefur verið af Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR).

Í frumathugun FSR voru fjórir möguleikar skoðaðir:

- a. Núverandi húsnæði leigt áfram, en breytt til að koma til móts við þarfir stofnunarinnar
- b. Byggt verði nýtt húsnæði
- c. Auglýst verði eftir húsnæði til langtímaleigu

d. Auglýst verði eftir húsnæði til eigu (kaups)

Fyrir liggur að möguleikar c og d eru tæpast raunhæfir þar sem ekkert hentugt húsnæði er fyrir hendi á Sauðárkróki. Frumathugun FSR sýnir að ef horft er til 25 ára er mun hagkvæmara er fyrir Byggðastofnun að byggja sjálf sitt eigið húsnæði fremur en að vera í leiguhúsnæði. Miðað við núverandi húsaleigu má ætla að þar muni tæplega 50 mkr. á 25 ára tímabili.

Samþykkt að forstjóra verði falið að afla nauðsynlegra heimilda til byggingar húsnæðis yfir starfsemi Byggðastofnunar. Nánari útfærsla verður lögð fyrir stjórn.

4. Fundargerðir lánanefndar

AÐ upplýsti að landbúnaðarlán hefðu verið auglýst að nýju og þó nokkur áhugi væri á þeim. HÁ hefur haft samband við Fjármálaeftirlitið og óskað eftir upplýsingum um hverjar heimildir stofnunarinnar væru ef stofnunin tæki yfir eignarhluti Bankasýslu ríkisins í sparisjóðum.

Fundargerð lánanefndar nr. 23/14, 17. september 2014

AÐ fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerð lánanefndar nr. 24/14, 24. september 2014

AÐ fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 25/14, 2. október 2014

AÐ fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 26/14, 13. október 2014

AÐ og EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

...

Fundargerð lánanefndar nr. 27/14, 15. október 2014

...

5. Staða lánasafnsins 30.09.2014

EGK fór yfir minnisblað um stöðu lánasafnsins 30. september sl.

6. Yfirlit um gjaldeyrisjöfnuð

MH fór yfir minnisblað um stöðu gjaldeyrisjöfnuðar 30. september sl.

7. Starfs- og rekstraráætlun 2015

MH, SBS og AÞ fóru yfir starfs- og rekstraráætlun 2015. Ábending kom um að reikniregla fyrir skiptingu framlaga til atvinnuþróunarfélaga ætti að koma fram og hvatt var til meira samstarfs við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Formaður leggur til að 24. október verði stofnunin búin að senda aðal- og varamönnum í stjórn endanlega útgáfu. Stjórn og varamenn í stjórn hafi síðan frest til 31. október til að koma með athugasemdir. Fyrir 7. nóvember hafi starfsmenn Byggðastofnunar brugðist við ábendingum. Starfs- og rekstraráætlunin verði síðan lögð fyrir stjórnarfund til samþykktar 14. nóvember nk.

8. Önnur mál

Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri og Þingeyri.

Flateyri

Arctic Oddi ehf. hefur tilkynnt Byggðastofnun að fyrirtækið muni hætta bolfiskvinnslu á Flateyri. Fyrirtækið er ásamt tengdum fyrirtækjum hryggjarstykkið í samningi Byggðastofnunar um Aflamark Byggðastofnunar.

Lagt er til að stjórn veiti forstjóra heimild til að rifta samningi vegna aflamarks á Flateyri og auglýsa að nýju eftir samstarfsaðilum vegna allt að 300 þorskígildistonnum að því gefnu að fyrirætlanir Arctic Odda ehf. um lokun bolfiskvinnslunnar gangi eftir eigi síðar en fyrir næsta fund stjórnar Byggðastofnunar.

Samþykkt samhljóða.

Þingeyri

Í síðustu viku drógu Arctic-fyrirtækin sig út úr umsókn vegna aflamarks Byggðastofnunar á Þingeyri. Það þýðir að umsókn Valþjófs ehf. stendur ein eftir. Vísir í Grindavík stefnir að því að loka vinnslunni um næstu áramót og því aðkallandi að niðurstaða komist í málið.

Lagt er til að Valþjófi ehf. verði gefinn frestur fram að næsta stjórnarfundum til að koma með útfærðar hugmyndir um fyrirhugaða vinnslu á Þingeyri og með hvaða hætti fyrirtækið hyggst afla hráefnis.

...

Bör ehf.

HÁ upplýsti að Bör ehf. hefði fallið frá áfrýjun dómsmáls á hendur stofnuninni. Það þýðir að dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra, um að verðtryggð lán sem skuldbreytt var í

erlenda mynt væru lögleg, stendur. Þar með er lokið með sigri Byggðastofnunar öllum dómsmálum sem höfðuð hafa verið á hendur stofnuninni um lögmæti lána hennar.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður föstudaginn 14. nóvember nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:38

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____